



Reykjavík, 18. mars 2024
MSS24030074

Velferðarráð

Tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar

Á fundi öldungaráðs þann 13. mars 2024, var samþykkt að vísa meðfylgjandi tillögu ásamt greinagerð um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar, til umsagnar velferðarráðs og menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs, sbr. 4. lið fundargerðar sama dag.

Óskað er eftir að umsögn velferðarráðs berist innan 30 daga.

Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Samrit: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
Hjálagt: Tillaga ásamt greinagerð



TILLAGA

Tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að Öldungaráð beini því til velferðarráðs og menningar-, íþróttá og tómstundaráðs í samvinnu við stafræna leiðtoga sviðanna að útbúa samræmdan upplýsingavettvang sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrkir eða niðurgreiðir fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Frístundavefur Reykjavíkurborgar, fristund.is væri góður grunnur til að byggja á en þar eru m.a. upplýsingar um tíma í íþróttahúsum, aðgengi tómstundaðila að skráningu inn í kerfið, hægt að velja eftir aldri, hverfum og tímabilum.

Greinagerð:

Rannsóknir sýna fram á að markviss og skipulögð heilsuefling og þátttaka gerir fólki kleift að búa lengur heima hjá sér, hefur þannig forvarnargildi fyrir einstaklinginn, eflir bæði líkamlega og andlega heilsu sem eykur lífsgæði. Sterkur er máttur heilsueflingar, félagslegrar þátttöku og virkni en fyrir utan líkamlegan og andlegan ávinning sem hlýst af hreyfingu þá vegur félagslegi þátturinn þungt í því að sporna gegn meinsemd 21. aldar - einmanaleikanum. Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta og umfangsmikla þjónustu fyrir íbúa sína á öllum aldri. Samræmd upplýsingagjöf þvert á svið borgarinnar í rauntíma hefur vantað og vill Öldungaráð bæta úr því með þessari tillögu.

Telur Öldungaráð mikilvægt að í vinnunni yrði greint hversu víðtækur fjárhagslegur stuðningur borgarinnar er við skipulagt íþróttá-, félags- og tómstundarstarf samhliða annarri niðurgreiðslu til viðburða fyrir eldra fólk sem og yfirsýn yfir þátttöku hópsins þar sem því verður komið við. Upplýsingavettvangurinn myndi fanga meðal annars menningarviðburði, sundleikfimi, styrktarþjálfun, dagskrá gönguhópa og félagsmiðstöðva sem og aðra viðburði, námskeið eða afþreyingu innan starfstöðva borgarinnar

[Bæklingur velferðasviðs](#) um þjónustu eldra fólks inniheldur ekki upplýsingar í rauntíma um hvað sé í boði á hverjum tíma. Í þessu sambandi minnir Öldungaráð á Frístundavef Reykjavíkurborgar sem er nú þegar til, og þegar mikið notaður af borgarbúum og skiptir framboði niður eftir tegund, hverfum og aldri. Mikilvægt er að kostnaðarmeta slíkan upplýsingavettvang, hvar ábyrgð á framkvæmdinni gæti orðið. Jafnframt að horft verði til þjónustustefnu, lýðræðisstefnu, velferðastefnu og lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar í vinnunni, verkefnastjóra lýðheilsamála og hagaðila sem koma þurfa að vinnunni samhliða að vera í samtali og samvinnu við formann Öldungaráðs. Með því að samræma upplýsingagjöf um heilsueflingu og afþreyingu fyrir eldra fólk næst betur umfang þess sem er í boði, stuðlar að meira gagnsæi og getur orðið hvatning til íbúa að sækja sér afþreyingu ekki bara innan hverfis heldur einnig utan þess.

